

Verkferlar vegna umsóknarferlis fatlaðra ungmenna í frístundastarf Hins Hússins -

Umsóknarferli

1. Ungmenni þarf að eiga lögheimili í Reykjavík sem og foreldri/foreldrar, forráðamaður/forráðamenn.

Skýring: Úrræðið er rekið á vegum Reykjavíkurborgar og fjármagnað af Reykjavíkurborg.

2. Ungmenni þarf að stunda nám á starfsbraut framhaldsskóla, tilheyra fötlunarflokki 1-3 og vera á aldrinum 16-20 ára. Hvert ungmenni getur einungis nýtt sér þjónustuna í fjögur ár.
3. Hámarksfjöldi plássu eru 20 – 25 pláss að Rafstöðvarvegi nr. 9 og 20 – 25 pláss að Rafstöðvarvegi nr. 7. Fleiri en eitt ungmenna geta deilt plássi.

Skýring: Hámarksfjöldi plássu fer eftir þjónustubörf ungmennanna hverju sinni og getur þess vegna verið mismunandi.

4. Umsóknartíminn er sá sami og hjá framhaldsskólum þ.a. umsókn þarf að hafa borist fyrir 15. júní ár hvert.

Umsóknum verður svarað svo fljótt sem auðið er.

5. Eftir að umsókn er samþykkt er ungmennið komið inn og þarf því ekki að sækja um aftur meðan það á rétt á þjónustu. Sá fyrirvari getur þó komið upp að skerða þurfi þjónustu tímabundið ef ekki næst að fullmanna eða ef fleiri sækja um heldur en fjöldi plássu leyfir.
6. Ef ungmenni flyst í annað sveitarfélag á tímabilinu er ekki hægt að tryggja að ungmennið haldi plássinu ef biðlisti hefur myndast með ungmennum sem eiga lögheimili í Reykjavík.

Biðlisti

1. Í byrjun annar getur sú staða komið upp að ungmennið komist ekki strax að vegna mönnunarvanda og fer ungmenni þá á biðlista. Umsóknir sem berast fyrir 15. júní hafa forgang.
2. Ef biðlisti myndast verður eftir fremsta megni reynt að taka inn ungmennin með því að skerða þjónustu yngstu ungmennanna þ.e. að fækka dögum sem hvert ungmenni fær.

Ungmenni úr öðrum sveitarfélögum

1. Ungmenni með lögheimili á Seltjarnarnesi fá sömu þjónustu og ungmenni með lögheimili í Reykjavík á meðan þjónustusamningur á milli sveitarfélaganna er í gildi.

2. Ungmennni úr öðrum sveitarfélögum en Reykjavík er bent á að nýta sér þjónustu Vinaskjóls í Hafnarfirði, en það á að þjónusta ungmenni úr Mosfellsbæ, Garðabæ, Kópavogi og Hafnarfirði.

Samþykkt á fundi í Hinu Húsinu 19.09.2019